

**76. fundur afgreiðslufunda byggingarfulltrúa  
haldinn í fundarsal á 4. hæð í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, miðvikudaginn 19. júní  
2024 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Kristján S Kristjánsson byggingarfulltrúi og Hermann G Hermannsson Slökkvilið  
Ísafjarðarbæjar.

**Embættismenn:**

**Fundargerð ritaði:** Kristján Svan Kristjánsson, byggingarfulltrúi.

**Dagskrá:**

**1. Sundstræti 34, Ísafirði. Grenndarkynning viðbyggingar - 2024020002**

Erindið var tekið fyrir á fundi skipulags- og mannvirkjanefndar nr. 631 í kjölfar grenndarkynningar á áformunum. Nefndin tók vel í erindið og fól byggingarfulltrúa að vinna málið áfram.

Samhliða umsókn voru lagðir fram aðaluppdrættir frá Verkís.

*Erindi frestað með vísan í athugasemdir byggingarfulltrúa.*

**2. Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Hlíðarvegur 4 - Flokkur 1, -  
2023020031**

Erindið var tekið fyrir á fundi skipulags- og mannvirkjanefndar nr. 631 og var byggingarfulltrúa falið að vinna áfram.

Samhliða umsókn um byggingarheimild eru lagðir fram aðaluppdrættir frá kaa arkitektum.

*Byggingaráform eru samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012. Byggingarheimild verður gefin út er skilyrði gr. 2.3.8 byggingarreglugerðar verða uppfyllt. Óskað er skráningartöflu frá hönnuði.*

*Umsækjandi skal hafa það í huga að lögð er áhersla á að útlit hússins verði í takt við byggingarár mannvirkis og að gluggar og gluggapóstar verði í tíðaranda þess tíma er húsið var reist. Skulu upplýsingar þess efnis koma fram á séruppdráttum hönnuðar.*

**3. Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Vífilsmýrar - Flokkur 2, -  
2024060023**

Lögð er fram umsókn um byggingarleyfi frá Jóni Grétari Magnússyni f.h Fjallabóls ehf. vegna breyttrar notkunar húsnæðisins ásamt öðrum matshlutum.

Jafnframt eru lagðir fram aðaluppdrættir frá M11 arkitektum ásamt skráningartöflu.

*Málinu er vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar til umfjöllunar m.v í gr. 5.11.2 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013*

**4. Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Bakki - Flokkur 1, - 2024060042**

Lögð er fram umsókn um byggingarleyfi frá Jóni Grétari Magnússyni vegna breyttrar notkunar á húsnæði.

Jafnframt eru lagðir fram aðaluppdrættir frá M11 arkitektum ehf. ásamt skráningartöflu

*Málinu er vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar til umfjöllunar m.v í gr. 5.11.2 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013*

**5. Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Sundstræti 38 - Flokkur 1, - 2023030063**

Erindið var tekið fyrir á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa nr. 73 og var því frestað.

Samhliða fyrri gögnum eru nú lagðir fram uppfærðir aðaluppdrættir frá Eflu.

*Byggingaráform eru samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012. Byggingarleyfi verður gefin út er skilyrði gr. 2.4.4 byggingarreglugerðar verða uppfyllt.*

**6. Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Æðartangi 6 - Flokkur 1, - 2023010230**

Lögð er fram umsókn frá Sveini Lyngmó f.h Vestfirskra Verktaka ehf. um breytingu á áður gefnu byggingarleyfi sökum uppfærslu á nýtingarhlutfalli og breytingum innanhúss.

Samhliða umsókn eru lagðir fram uppfærðir aðaluppdrættir frá Eflu ásamt skráningartöflu.

*Samþykkt. Staða máls helst óbreytt frá fyrri skráningu. Óskað er eftir raflagnateikningum ásamt staðfestingum iðnmeistara svo hægt sé að gefa út fullgilt byggingarleyfi.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00**

---

Kristján S Kristjánsson

---

Hermann G Hermannsson